

farnir að sjá að stefna B. Sv. var ekki gallalaus, og svo lítil von um að með þeirri aðferð yrði í bráð náð landsréttindum öllum Íslandi til handa, að þeir óttuðust að það þreytti þjóðina um, of og vekti upp vonleysi um framför þjóðarinnar, því allir beztu kraptar þjóðarinnar og stjórnálamanna hennar eyddust í þjarki um stjórnarskrármálið. En öll verkleg framför og viðreisn atvinnu vega lægi í kaldakoli, og í stjórnálum væri að myndast sú stefna, er í Danmörku var nefnd "visnunar-pólítík". Sra. Einar sál. var þessum mönnum samdóma um það að þessi stefna væri óholl landi og lýð, en þókti sem hitt mundi meiri heillavegur að reyna að smá þokast áfram í landsrjettindamál-inu þó ei væri nema um nokkur fet, taldi það er ekki fengist "geymt en ekki gleymt". Hann vildi láta leggja sem mesta krapta þjóðarinnar í verklegar framsfarir, og efla sem mest frelsi þjóðarinnar *iinn á við*. Taldi hann aukna frelsis tilfinning, samfara verklegum umbótum, og nokkrum rjettarbótum þó smáar væru í stjórnarfariinn mundu vekja hjá þjóðinni hald-betra þrek, til að ná því er ófengið væri af landsrjettindum Íslands úr höndum Dana. Við sra. Einar sál. vorum á þessum árum andstæðingar. Ekki af því að jeg álti ekki aðalatriðin í hans stefnu (og Dr. Valtýs) hollari, en mjer þókti Dr. Valtýr of lítilþægur, vilja þegar í stað taka við of lítilfjörlegum umbótum. En sra. Einar áleit rjett að taka þegar því er í boði var og hvílast um stund í stjórnarbaráttunni og snúa sjer að öðru. Við unnum hvor á móti öðrum við þingkosningar 1899 og 1902. Í fyrra skiftið var jeg ekki í kjöri, en sra. Einar fjell þá við kosningar, en hafði þó töluvert fylgi, enda átti hann þá fyrir andstæðing hinn vinsælasta höfðingja hjeraðsins, sra. Einar Jónsson í Kirkjubæ. Í síðara skiptið (1902) fjell hann líka við kosningarnar. Jeg get þessa hjer af því að á þeim árum lærði jeg bezt að þekkja hve góður drengur sra. Einar sál. var, því dreng-lyndari andstæðing hef jeg aldrei átt. Þegar hann minntist þessarar deilu okkar síðar í brjefi til míni hjer vestur sagði hann: "Við vissum að við vorum bræður." Voríð sem jeg fór vestur, 1903, bauð sra. Einar sál. sig enn fram til þings, og náði þá kosningu. Hann var þingmaður aðeins það kjörtímabil til